

Mánudaginn 28. apríl 1986.

Nr. 121/1985. **Jenný Ásmundsdóttir**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Hjálmarí Gunnarssyni

(Jóhann Nielsson hrl.)

Sameign. Skaðabætur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. maí 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 3. maí 1985. Dómkröfur hennar eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 205.600,00 krónur með 7% ársvöxtum af 4.600,00 krónum frá 1. janúar 1970 til 31. desember s.á., af 9.500,00 krónum frá 1. janúar 1971 til 31. desember s.á., af 15.100,00 krónum frá 1. janúar 1972 til 31. desember s.á., af 22.100,00 krónum frá 1. janúar 1973 til 1. maí s.á., með 9% ársvöxtum af 22.100,00 krónum frá þeim degi til 31. desember s.á., af 31.100,00 krónum frá 1. janúar 1974 til 15. júlí s.á., með 13% ársvöxtum af 31.100,00 krónum frá þeim degi til 31. desember s.á., af 44.100,00 krónum frá 1. janúar 1975 til 31. desember s.á., af 60.600,00 krónum frá 1. janúar 1976 til 31. desember s.á., af 80.600,00 krónum frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember s.á., með 16% ársvöxtum af 80.600,00 krónum frá þeim degi til 31. desember s.á., af 105.600,00 krónum frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar s.á., með 19% ársvöxtum af 105.600,00 krónum frá þeim degi til 31. desember s.á., af 205.600,00 krónum frá 1. janúar 1979 til 31. maí s.á., með 22% ársvöxtum af 205.600,00 krónum frá þeim degi til 31. ágúst s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 28. janúar 1983, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði eins og málið væri eigi gjafsóknarmál svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæsatrétti úr hendi áfrýjanda auk 15,2% ársvaxta frá uppsögu dóms Hæstaréttar til greiðsludags.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ný gögn þar á meðal tvær skoðunarskýrslur Magnúsar Guðmundssonar skipaefstirlitsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi undirritaði áfrýjandi og eiginmaður hennar skilnaðarskilmála 2. og 6. desember 1968 þess efnis, að áfrýjandi skyldi fá í sinn hlut v/b Sigurfara, enda skyldi hún taka að sér „greiðslu skulda mannsins vegna eignar og útgerðar bátsins, en konan hefur kynnt sér hverjar þær eru.“

Viðbrögð stefnda voru þau, að hann lét þinglýsa yfirlýsingu dagsettri í febrúar 1969 þar sem hann gerði m.a. kunnugt, „að ég hef tekið sem mína eign hálfan vélbátinn Sigurfara SH 105, sem Karl Stefánsson ... hefur verið talinn eigandi að, fyrir þennan eignarhlut fær Karl eftirgefnar þær skuldir, sem eru bókfærðar og óbókfærðar hjá bátnum. Skuldir þessar mynduðust, er Karl hafði fjárreiður bátsins frá upphafi útgerðar hans til ársloka 1964. ... Ég mun einn bera alla ábyrgð á bátnum, greiða af honum skatta og skyldur, vera einn ábyrgur fyrir öllum aðilum, er varða útgerð hans, einnig mun ég einn hirða allar hans tekjur, hverju nafni sem þær nefnast, líta skal á yfirlýsingu þessa sem samning um slit á sameign. Ekki verður leitað eftir samþykki Karls eða neins umboðsmanna hans.“

Með vísan til þessarar yfirlýsingar og atvika málsins að öðru leyti verður ekki fallist á það með stefnda, að um félagsútgerð áfrýjanda og stefnda hafi verið að ræða.

Líta ber svo á að stefndi hafi á ólögsmætan hátt hindrað áfrýjanda í að nýta sér eignarhluta sinn í bátnum. Ber því að fallast á það með áfrýjanda að stefndi hafi með því fellt á sig bótaskyldu gagnvart áfrýjanda.

Í héraðsdómi er krafan um bætur fyrir afnotamissi sundurliðuð, en hún nær yfir tímabilið 1969 til 1978 að báðum árum meðtöldum. Stefna í héraði var birt 21. desember 1982. Bótakröfur áfrýjanda vegna tímabilsins fyrir 21. desember 1972 eru því fallnar niður fyrir fyrningu sbr. 4. gr. laga nr. 14/1905, en að öðru leyti þykja kröfur hans ekki fallnar niður fyrir tómlæti.

Stefndi hefur haft uppi þá mótbáru, að á miklum hluta áður-greinds tímabils hafi báturinn verið svo illa farinn, að hann hafi ekki haft haffærissskírteini.

Gögn þau, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, benda að vísu til þess, að á árinu 1972 hafi skipaefitirlitsmaður Siglingamálstofnunar ríkisins gert það að skilyrði fyrir endurnýjun haffærissskírteinis v/b Sigurfara að veruleg viðgerð færi fram á honum. Gögn málsins um ásigkomulag bátsins, haffæri hans og notkun meðan stefndi hélt honum í umráðum sínum sem einkaeigandi eru óglögg. Ljóst er þó, að hann hélt bátnum að einhverju leyti til veiða einnig eftir árið 1972. Stefnda átti að vera í löfa lagið að upplýsa hvernig framan-greindum atriðum var háttað. Þykir mega dæma áfrýjanda nokkrar fébætur vegna meðferðar og nýtingar stefnda á bátnum. Verða þær eins og hér stendur sértaklega á ákveðnar að álitum 100.000,00 krónur ásamt dómvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að sýkna stefnda af kröfu um bætur að fjárhæð 70.000,00 krónur vegna rýrnunar á verðgildi skipsins.

Með bréfi dómsmálaráðherra 24. febrúar 1983 var áfrýjanda veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi. Laun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði, 40.000,00 krónur, eiga því að greiðast úr ríkissjóði.

Eftir úrslitum málsins er rétt, að stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 75.000,00 krónur. Þar af hljóti ríkissjóður 40.000,00 krónur, en áfrýjandi 35.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hjálmar Gunnarsson, greiði áfrýjanda, Jennýju Ásmundsdóttur, 100.000,00 krónur með dómvöxtum frá 21. desember 1982 til greiðsludags.

Laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir héraðsdómi, **Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans**, 40.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 75.000,00 krónur, þar af ríkissjóði 40.000,00 krónur, en áfrýjanda 35.000,00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. desember 1984.

Ár 1984, föstudaginn 28. desember, var í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu kveðinn upp svofelldur dómur í aukadómþingsmálinu nr. 5/1983.

Stefnandi er Jenný Ásmundsdóttir, 3146-7055, Sigtúnum 36, Selfossi.

Stefndi er Hjálmar Gunnarsson, 4155-6331, Hamrahlíð 1, Grundarfirði.

Málið er rekið og dæmt í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Stefna er gefin út 10. desember 1982 og birt 21. desember 1982, og málið þingfest 28. janúar 1983. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 11. desember 1984, og dómur kveðinn upp í sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi 28. desember 1984.

Dómari er Jón S. Magnússon fulltrúi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 205.600 með 7% ársvöxtum af kr. 4.600 frá 1.1. '70, en með 7% ársvöxtum af kr. 9.500 frá 1.1. '71 - 31.12. '71, en með 7% ársvöxtum af kr. 15.100 frá 1.1. '72 - 31.12. '72, en með 7% ársvöxtum af kr. 22.100 frá 1.1. '73 - 1.5. '73, en með 9% ársvöxtum af kr. 22.100 frá þ.d. til 31.12. '73, en með 9% ársvöxtum af kr. 31.100 frá 1.1. '74 - 15.7. '74, en með 13% ársvöxtum af kr. 31.100 frá þ.d. til 31.12. '74, en með 13% ársvöxtum af kr. 44.100 frá 1.1. '75 - 31.12. '75, en með 13% ársvöxtum af kr. 60.600 frá 1.1. '76 - 31.12. '76 en með 13% ársvöxtum af kr. 80.600 frá 1.1. '77 - 21.11. '77, en með 16% ársvöxtum af kr. 80.600 frá þ.d. til 31.12. '77, en með 16% ársvöxtum af kr. 105.600 frá 1.1. '78 - 21.2. '78 en með 19% ársvöxtum af kr. 105.600 frá þ.d. til 31.12. '78, en með 19% ársvöxtum af kr. 205.600 frá 1.1. '79 - 31.5. '79, en með 22% ársvöxtum af kr. 205.600 frá þ.d. til 31.8. '79, en með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 30.11. '79, en með 31% ársvöxtum frá þ.d. til 31.5. '80, en með 35% ársvöxtum frá þ.d. til 31.5. '81, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til greiðsudags, svo og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá lögmanna, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi svo:

1. Afnot fyrir 50% hluta bátsins Sigurfara SH 105:

Árið 1969	kr.	4.600
— 1970	—	4.900
— 1971	—	5.600
— 1972	—	7.000
— 1973	—	9.000

— 1974	— 13.000
— 1975	— 16.500
— 1976	— 20.000
— 1977	— 25.000
— 1978	— 30.000

Samtals kr. 135.600.

2. Skaðabætur vegna rýrnunar á verðgildi Sigurfara SH 105 frá því 1969 til 31. desember 1978 miðað við eðlilegt söluverðmæti kr. 140.000. Krafist er helmings áætlaðs söluverðs, kr. 70.000.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmanna, ásamt 45% ársvöxtum af tildæmdum málskostnaði frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Málsástæður stefnanda eru þær að hann hafi öðlast eignarrétt að helmingi bátsins Sigurfara SH 105 með skilnaðarsamkomulagi við eiginmann sinn, Karl Stefánsson. Baturinn hafi þá verið í vörslum stefnda sem hafi á allan hátt varnað sér aðgangs að bátnum og gögnum er hann vörðuðu þrátt fyrir að stefnandi hafi ítrekað reynt að ná fram rétti sínum varðandi umráð og rekstur bátsins. Stefndi hafi farið með bátinn sem sína einkaeign og hirt af honum allan arð. Stefndi telur að hann eigi, samkvæmt almennum reglum eignar- og kröfuréttar, rétt á greiðslu fyrir þessi afnot bátsins, sem hafi varað um 10 ára skeið án þess að hann fengi nokkuð að gert þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Þá kveður stefnandi að stefndi hafi rekið m/b Sigurfara SH 105 með viðhaldi sem hafi verið langt undir nauðsynlegu viðhaldi. Verðgildi bátsins hafi þannig rýrnað svo mikið að stefnandi hafi orðið fyrir skaða sem stefndi beri ábyrgð á.

Lagarök stefnanda. Stefndi visar til almennra reglna eignar- og kröfuréttar varðandi kröfu sína um endurgjald fyrir afnot bátsins. Varðandi kröfu um skaðabætur fyrir verðrýrnun bátsins visar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar svo og reglna um ábyrgð manna á geymslufé og lánshlutum, sbr. Jónsbók, þjófabálk kapitula 15 og 16.

Rök stefnda fyrir sýknukröfu.

A. Fyrning. Í fyrsta lagi er byggt á því að allar kröfur stefnanda séu fyrndar. Í því sambandi er vísað til laga nr. 14/1905, einkum 3. gr., 1. og 3. tl. Bent er á það, að eftir 1. desember 1973 fékk baturinn ekki haffæris-skírteini og var ekki haldið til veiða eftir það utan nokkrar sjóferðir sem stefndi fór sér til gamans síðast í ágúst 1975, sbr. dskj. nr. 16. Allar kröfur stefnanda fyrir hugsanleg leiguafnot eru því löngu fyrndar.

B. Tómlæti. Stefnandi hefur sýnt stórkostlegt tómlæti varðandi kröfur sínar. Hann átti vól á ýmsum úrræðum, þ. á m. réttarúrræðum, til að tryggja kröfur sínar.

C. Mótmæli. Stefndi mótmælir því að með aðilum hafi verið leigusamband og að stefndi hafi haft bátshlut stefnanda á leigu með ákveðnum kjörum. Einnig er því mótmælt að viðhaldi bátsins hafi verið ábótavant og verðgildi hans rýrnað af þeim sökum.

Hinsvegar sé ljóst að verðgildi bátsins hafi rýrnað vegna aldurs og eðlilegs slits.

Reifun og niðurstaða.

Hinn 23. janúar 1956 var v/s Gunnbirni ÍS 18 afsalað Karli Stefánssyni, Grundarfirði, o.fl. Skip þetta var síðan umskráð til Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og hlaut þá nafnið Sigurfari og umdæmisbókstafi og tölur SH 105. Hinn 8. febrúar 1961 gaf Karl Stefánsson út yfirlýsingu um það að Hjálmar Gunnarsson væri meðeigandi sinn að skipinu. Þeir gerðu skipið út í sameiningu og var Hjálmar skipstjóri. Karl Stefánsson og eiginkona hans, Jenný Ásmundsdóttir, stefnandi málsins, slitu hjúskap sínum með hjónaskilnaði á árinu 1968, og í skilnaðarskilmálum þeirra, dagsettum 2. og 6. desember 1968, var tekið fram m.a.: „Eignarhluti mannsins í m/b Sigurfara S.H. 105 skal vera eign konunnar enda taki hún að sér greiðslu skulda mannsins vegna eignar og útgerðar bátsins, en konan hefur kynnt sér hverjar þær eru.“

Eignaraðild stefnanda að bátnum var staðfest með dómi Hæstaréttar 13. febrúar 1978 í málinu nr. 39/1976: Hjálmar Gunnarsson gegn Jennýju Ásmundsdóttur og gagnsök. Með bréfi til stefnda, dags. 9. desember 1970, óskar lögmaður stefnanda eftir viðræðum við stefnda um rekstur skipsins, og með bréfi, dags. 21. júlí 1971, tilkynnir lögmaðurinn stefnda að sér hafi verið falið að biðja um sölu við uppboð á skipinu til slita á sameign. Uppboðsbeiðni var send sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 24. ágúst 1971 og var uppboðsmálið þingfest hinn 16. mars 1973. Með úrskurði uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 19. janúar 1976, var heimiluð uppboðssala á v/s Sigurfara SH 105 til slita á sameign. Með dómi Hæstaréttar 13. febrúar 1978 var úrskurðurinn staðfestur og fór uppboðið fram 9. nóvember 1978. Ekkert boð kom í skipið og varð ekkert úr sölu þess á uppboðinu. Hinsvegar seldi stefnandi stefnda eignarhluta sinn ($\frac{1}{2}$) í skipinu hinn 16. júlí 1980 á kr. 2.500. Í afsalinu er svofellt ákvæði: „Afsal þetta breytir í engu réttarstöðu aðila í ágreiningi þeirra út af kröfu seljanda á hendur kaupanda vegna sameignar þeirra á bátnum.“ Hinn 25. febrúar 1980 voru dómkvaddir tveir menn til þess að meta leigu og söluverðmæti skipsins. Hinn 28. ágúst 1981 voru matsmennirnir leystir undan skyldu sinni og aðrir menn dómkvaddir í þeirra stað. Matsgerð

Eðlilegt söluverðmæti Sigurfara SH 105, þ.e. alls bátsins, miðað við staðgreiðslu 31. des. 1978 er metið gkr. 14.000.000,00. Eðlilegt söluverðmæti Sigurfara SH 105, þ.e. alls bátsins, miðað við staðgreiðslu 17. sept. 1979 er metið gkr. 17.000.000,00.“

Matsgerðin var staðfest af öðrum matsmanninum við aðalflutning málsins 11. desember 1984, en hinn matsmaðurinn var þá látinn.

Eins og áður segir gerðu stefndi og Karl Stefánsson, eiginmaður stefnanda, út í sameiningu v/s Sigurfara SH 105. Líta ber svo á að það fyrirkomulag á útgerð bátsins hafi haldið áfram eftir að stefnandi varð helmingseigandi að honum, sbr. ákvæði siglingalaga um félagsútgerð, enda verður ekki fallist á það með stefnanda að leigusamningur hafi stofnast milli aðilanna um bátinn þegar stefnandi eignaðist helming hans við hjónaskilnað. Því verður ekki talið að stefnandi eigi fjárkröfu á hendur stefnda fyrir afnot af eignarhluta stefnanda í bátnum, hvorki í formi leigu né annars. Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um greiðslu fyrir afnot af eignarhelmingi stefnanda í v/s Sigurfara SH 105.

Stefnandi heldur því fram að viðhald stefnda á bátnum hafi ekkert verið allan þann tíma sem hann var sameign aðila, eða á.m.k. langt undir því sem eðlilegt og nauðsynlegt var til þess að halda bátnum sjófærum og svo til þess að hann héldi verðgildi sínu. Þessi vanræksla hafi leitt til þess að báturinn varð nánast verðlaus. Það hafi og komið í ljós þegar selja átti bátinn á uppboði til slita á sameign að ekkert boð kom í hann.

Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki sýnt fram á að viðhald á Sigurfara SH 105 hafi ekkert verið eða á.m.k. langt undir því sem eðlilegt og nauðsynlegt var til þess að halda bátnum sjófærum og til þess að hann héldi verðgildi sínu allan þann tíma sem hann var sameign aðila. Og þrátt fyrir áskoranir af hálfu stefnda hefur stefnandi ekki sannað þessa fullyrðingu sína eða að báturinn hafi rýrnað í verði fram yfir það sem leiðir af aldri og eðlilegu sliti en báturinn var orðinn 40 ára gamall þegar stefnandi eignaðist hlutdeild í honum, og 49 ára þegar uppboð á honum fór fram árið 1978. Mat hinna dómkvöddu manna á verðmæti Sigurfara SH 105 breytir engu um markaðinn, og ekkert boð kom í skipið á uppboði. Það ber því að sýkna stefnda af þessum lið í kröfugerð stefnanda.

Niðurstaða dómsins verður því sú, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, og eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Gjafsókarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 40.000, en stefnandi hefur með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 24. febrúar 1983, fengið gjafsókn í undirrétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hjálmar Gunnarsson, skal vera sýkn af öllum kröfu stefnanda, Jennýjar Ásmundsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 40.000.

Þriðjudaginn 29. apríl 1986.

Nr. 3/1986.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Böðvarssyni

(Páll A. Pálsson hrl.)

Fjársvik. Ákæra. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. desember 1985, en jafnframt af ákærvaldsins hálfu gerð krafa um að refsing ákærða verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 28. febrúar 1986.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Ákærði vissi að ekki var innistæða á reikningi nr. 50231 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, er hann gaf út tékka þann, sem í máli þessu er fjallað um. Hann fékk Valdimar Hall Sigbórsson til þess að leggja tékkafjárhæðina inn á reikning Máttar hf. nr. 1238 við Útvegsbanka Íslands. Tékkinn var stílaður á handhafa en ekki á viðtökubankann. Hlaut ákærða því vera ljóst, að eftir venjulegum bankareglum yrði Valdimar Hallur að framselja tékkann til þess að hann yrði keyptur. Við framsalið varð Valdimar Hallur tékkaskuldari, en hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir hver réttaráhrif fælust í því að rita nafn sitt á bakhlið tékkans. Með þessari háttsemi gerðist ákærði brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og var